

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 2025

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um leik- og útivistarsvæði í Öskjuhlíðinni

Lagt er til að vinna við framtíðarskipulag á því svæði í Öskjuhlíð þar sem tré hafa verið felld vegna Reykjavíkurlugvallar verði unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið og miði að því að þar verði leik- og útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa.

Greinargerð

Með tillögunni er verið að bregðast við því að fella þarf tré við enda austur/vesturbrautar Reykjavíkurlugvallar til þess að tryggja rekstaröryggi flugvallarins. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að skipuleggja fallett leik- og útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa með lágrestum gróðri með það að markmiði að auka útivist í Öskjuhlíðinni.

Lagt er til að svæðið verði hannað og uppbyggt í samstarfi við skóla- og frístundasvið og menningar- og íþróttasvið en með því skapast tækifæri fyrir skóla og frístund borgarinnar til að fræða börn um skógrækt og landgræðslu og hugsanlega að nýta svæðið til útikennslu.

Mikilvægt er að í borginni séu aðgengileg græn svæði sem íbúar borgarinnar geta fengið notið enda eru þau ómetanleg verðmæti.